

Fundargerð 141. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2022, miðvikudaginn 1. júní kl. 12:30 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir, Skúli Þór Helgason og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Anna Ingadóttir sérfræðingur, Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Kristín Ólafsdóttir lögfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálaum, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Stefnumörkun sambandsins 2022-2026 - 2203042SA**

Hafinn er undirbúningur stefnumörkunar fyrir landsþing sambandsins í haust. Fræðslu- og félagsmálanefndir sambandsins koma saman til vinnufundar í þessu skyni. Í anda laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna verða málaflakkar og stefnumörkun endurskoðaðir til samræmis.

Til grundvallar vinnu nefndanna liggja hráar niðurstöður stefnumótunarfunda sem haldnir voru með sveitarstjórnarfólki fyrr á árinu, annars vegar um skóla- og velferðarmál barna og hins vegar um velferðarmál fullorðinna ásamt mati á núgildandi stefnumótun sambandsins.

Vinna nefndanna snýst um eftirfarandi:

1. koma með tillögur stefnumótandi áherslum til næstu fjögurra ára?
2. leggja mat á afrakstur stefnumótunarfunda og tillögur um áherslur sem þar komu fram vegna stefnumörkunar til 2026.
3. skoða árangursmat núgildandi stefnumótunar. Hverju er lokið, hvað þarf að vera áfram í þeirri næstu.

Gert er ráð fyrir að fyrri hluti fundarins verði sameiginlegur með nefndunum en sá síðar fari í aðskilda málaflakka.

Gagnlegar umræður fóru fram á fundinum sem var sameiginlegur með félagsþjónustunefnd að hluta til vegna umræðu og áherslna á samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Stefnt er að því að vera með stefnumörkunina sameiginlega þvert á þessa málaflakka vegna þjónustu við börn. Tillögur nefnda varðandi áskoranir framundan og hvernig miðað hefur á grundvelli gildandi stefnumörkunar sambandsins munu nýtast vel sem efniviður í frekari undirbúningu stefnumörkunar til næstu fjögurra ára.

Fundi var slitið kl. 14:30

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Herdís Ásu Sæmundardóttir

Skúli Þór Helgason

Anna Birna Snæbjörnsdóttir